


**SAMÞYKKTIR:**

Skipulagsuppdráttur þessi lá frammi til kynningar frá 4. 8 til 1. 9 1999

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar samþykkti uppdráttinn 22. 9 1999

Ísafirði 28. 1 2000 Ármann Jóhannesson

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í sveitarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 7. 10 1999

Bæjarstjórinn Ísafjarðarbæ

## SKÝRINGAR:

- Mörk skipulagssvæðis
- Mörk hættusvæða
- Mörk byggingarreita
- Gönguleiðir/reiðleiðir
- Malarnám
- Núverandi byggingar
- Snjóflóðavarnargarður

## Aðkoma að svæðinu

Ein sameiginleg innkeyrsla er inn á svæðið. Vegna hættu á snjósöfnun þarf að hækka veginn þar sem hann tengist þjóðveginum.

## Sorpsvæði

Allt svæði sorpeyðingarstöðvarinnar er á rauðu snjóflóðahættusvæði nema neðan við varnarmannvirki. Gert er ráð fyrir stækkunarmöguleikum sorpbrennsluhússins til norðurs. Við innkeyrslu að stöðinni er gert ráð fyrir bílavigt. Svæði fyrir jarðvegsgerð, söfnunar- og flokkunarsvæði brotajárns er fyrirhugað á landinu innan við snjóflóðavörnina ofan við húsið. Til þess að skýla brotajárnsvæðinu er gert ráð fyrir jarðvegsmönum neðst.

## Fyrrverandi loðdýrabú

Húsin eru öll á rauðu snjóflóðahættusvæði (svæði C). Þau eru nýtt sem geymslur, gripahús og iðnaðarhúsnæði.

## Hesthúsabyggð

Gert er ráð fyrir 10 hesthúsum með tilheyrandi gerðum utan snjóflóðahættu næst ánni. Taðþrær verða áfastar húsum. Norðan við hesthúsin er gert ráð fyrir félagshúsi/reiðhöll.Æfinga- og keppnisvellir verða á bláu snjóflóðahættusvæði þar fyrir ofan. Í vatnavöxtum getur áin flætt yfir bakka sína, huga þarf að vörnum fyrir innstu húsin og hækka landið um hálfan metra undir hesthúsunum. Hagabeit er ekki fyrirhuguð á þessu svæði.

## Útivistarsvæði

Fyrir miðjum dalnum hefur verið malarnám og mikið jarðrask. Þar eru fiskauðugar tjarnir og skilyrði virðast mjög góð. Fyrirhugað er að stækka tjarnirnar og gróðursetja umhverfis þær. Gert er ráð fyrir akvegi inn á mitt svæðið og bílastæðum ásamt rjóðri með bekkjum, borðum og fiskgrilli miðsvæðis.

## Malarnám

Mikið malarnám hefur farið fram á þessu svæði og áframhaldandi malarnám mögulegt.

## Skilmálar v/bygginga á hættusvæði

Sbr: "Drög að reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerða bráðabirgðahættumats" dags. 18.5.1999.

**Hættusvæði A** - þar má byggja atvinnuhúsnæði án styrkingar og skóla, leikskóla og sjúkrahús eða önnur sambærileg hús með styrkingu.

**Hættusvæði B** - þar er heimilt að byggja styrkt atvinnuhúsnæði annað en skóla, leikskóla og sjúkrahús eða önnur sambærileg hús.

**Hættusvæði C** - þar er heimilt að byggja við eða breyta atvinnuhúsnæði, þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun starfsmanna. Viðbyggingar og breytingar á húsnæði skulu þannig útfærðar að öryggi starfsmanna aukist við breytingarnar.

# Ísafjarðarbær:

# ENGIDALUR

## Deiliskipulag

**mkv: 1/2000 (A2)**
**dags: 17.07.99**
**breytt: 21.01.00**

Teiknistofan Aðalstræti 22 . sími+fax: 456 4709 . netfang: inni@snerpa.is